

***Viðhorfskönnun meðal
bænda á starfssvæði
Norðlenska***

Desember 2007

Unnið fyrir:
Norðlenska

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	1
2. SÖFNUN GAGNA	2
2.1 TILGANGUR OG MARKMIÐ	2
2.2 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	2
2.3 ÚRVINNSLA	3
3. NIÐURSTÖÐUR.....	4
3.1 GRUNNUPPLÝSINGAR	4
3.2 VIÐHORF TIL FYRIRTÆKISINS	6
3.3 ÞJÓNUSTA FYRIRTÆKISINS	9
3.4 SAMSKIPTI VIÐ STARFSFÓLK	17
3.5 UPPLÝSINGAFLÆÐI MILLI BÆNDA OG NORÐLENSKA	23
3.6 FRAMTÍÐARHORFUR FYRIRTÆKISINS.....	32
4. LOKAORÐ	37
VIÐAUKI	38

Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall.	2
Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda.....	4
Mynd 3. Flokkaður aldur svarenda.....	4
Mynd 4. Búseta svarenda.....	5
Mynd 5. Búskapur svarenda (innleggsafurð).....	5
Mynd 6. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir kyni.....	6
Mynd 7. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir aldri.	6
Mynd 8. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir búsetu.	7
Mynd 9. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir innleggsafurð.....	7
Mynd 10. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska ehf, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir kyni.	8
Mynd 11. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska ehf, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir aldri.	8
Mynd 12. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska ehf, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir búsetu.....	8
Mynd 13. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska ehf, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir innleggsafurð.	8
Mynd 14. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir kyni.	9
Mynd 15. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir aldri.	10
Mynd 16. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir búsetu.....	10
Mynd 17. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.	10
Mynd 18. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir kyni.	11
Mynd 19. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir aldri.	11
Mynd 20. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir búsetu.....	11
Mynd 21. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir innleggsafurð.	12
Mynd 22. Gefðu aðgengi að sláturhúsi einkunn á bilinu 1-5.	12
Mynd 23. Gefðu móttöku gripa einkunn á bilinu 1-5.	13
Mynd 24. Gefðu greiðslutilhögun einkunn á bilinu 1-5.....	13

Mynd 25. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir kyni.....	14
Mynd 26. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir aldri.	14
Mynd 27. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir búsetu.	14
Mynd 28. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir innleggsafurð.....	14
Mynd 29. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska ehf, greint eftir kyni.....	15
Mynd 30. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska ehf, greint eftir aldri.	16
Mynd 31. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska ehf, greint eftir búsetu.	16
Mynd 32. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska ehf, greint eftir innleggsafurð.....	16
Mynd 33. Á hvaða hátt hefur þú oftast samband við starfsmenn Norðlenska ehf sem þú þarft að ná í?.....	17
Mynd 34. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir kyni.	18
Mynd 35. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir aldri.	18
Mynd 36. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir búsetu.....	18
Mynd 37. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.	18
Mynd 38. Gefðu aðgengi að starfsfólki einkunn á bilinu 1-5.	19
Mynd 39. Gefðu aðgengi að stjórnendum einkunn á bilinu 1-5.	19
Mynd 40. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir kyni.	20
Mynd 41. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir aldri.....	20
Mynd 42. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir búsetu.	21
Mynd 43. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.	21
Mynd 44. Gefðu samskiptum við starfsfólk einkunn á bilinu 1-5.	22
Mynd 45. Gefðu samskiptum við stjórnendur einkunn á bilinu 1-5.....	22

Mynd 46. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir kyni.	23
Mynd 47. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir aldri.	23
Mynd 48. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir búsetu.	24
Mynd 49. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir innleggsafurð.	24
Mynd 50. Lestu fréttabréfið?.....	25
Mynd 51. Lestu fréttabréfið, greint eftir kyni.	25
Mynd 52. Lestu fréttabréfið, greint eftir aldri.	25
Mynd 53. Lestu fréttabréfið, greint eftir búsetu.	25
Mynd 54. Lestu fréttabréfið, greint eftir innleggsafurð.	26
Mynd 55. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir kyni. 26	
Mynd 56. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir aldri. 27	
Mynd 57. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir búsetu.	27
Mynd 58. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.	27
Mynd 59. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir kyni.	28
Mynd 60. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir aldri.	28
Mynd 61. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir búsetu.	28
Mynd 62. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir innleggsafurð.	29
Mynd 63. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir kyni.	29
Mynd 64. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir aldri.	30
Mynd 65. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir búsetu.	30
Mynd 66. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir innleggsafurð.	30
Mynd 67. Hvaða er helst skoðað á heimasíðu Norðlenska ehf?.....	31
Mynd 68. Gefðu upplýsingum frá starfsfólki einkunn á bilinu 1-5.	31
Mynd 69. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska ehf, greint eftir kyni.	32
Mynd 70. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska ehf, greint eftir aldri.	32
Mynd 71. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska ehf, greint eftir búsetu.	33
Mynd 72. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska ehf, greint eftir innleggsafurð.	33

Mynd 73. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir kyni..... 34

Mynd 74. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir aldri. 34

Mynd 75. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir búsetu. 34

Mynd 76. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir innleggsafurð. 35

Mynd 77. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir kyni..... 35

Mynd 78. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir aldri. 35

Mynd 79. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir búsetu. 36

Mynd 80. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir innleggsafurð. 36

Mynd 81. Meðaleinkunn nokkurra þjónustubátta Norðlenska ehf. 38

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr viðhorfskönnun meðal bænda á starfssvæði Norðlenska. Könnuninni er ætlað að veita stjórnendum innsýn í viðhorf bænda til fyrirtækisins og þeirrar þjónustu sem það veitir.

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist könnunina og af hálfu hennar bar Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur ábyrgð á henni ásamt því að skrifa lokaskýrslu.


2. Söfnun gagna

2.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið könnunarinnar er að gefa stjórnendum Norðlenska upplýsingar um viðhorf bænda til fyrirtækisins og þeirrar þjónustu sem það veitir. Spurt var m.a. um upplifun viðskiptavina á þjónustu Norðlenska, hvað vel er gert og hvað má betur fara sem og samskipti við starfsfólk. Einnig var spurt um gæði og gildi upplýsingaflæðis milli bænda og fyrirtækisins, aðgengi að upplýsingum og starfsmönnum ásamt almennum viðhorfum til fyrirtækisins og framtíðarhorfur þess.

2.2 Framkvæmd og heimtur

Um er að ræða símakönnun þar sem hringt var í viðskiptavinum Norðlenska í nóvember og desember 2007. Viðskiptamannalistinn var fenginn hjá Norðlenska og náði til þeirra sem hafa lagt inn afurðir hjá fyrirtækinu, alls 962 aðilar. Í þó nokkrum tilvikum var um að ræða lokaða viðskiptareikninga, tvítekna viðskiptareikninga, viðskiptareikninga sem ekki hafa verið notaðir um nokkurt skeið eða viðskiptareikninga þar sem viðkomandi er hættur búskap. Ennfremur voru nokkrir aðilar á listanum sem ekki eru bændur en fá greitt fyrir innlegg auk aðila sem höfðu ekki lagt inn afurðir hjá Norðlenska og töldu sig því ekki getað svarað spurningalista. Þegar allir þessir aðilar höfðu verið hreinsaðir út af viðskiptamannalista stóðu eftir 824 aðilar sem teljast þátttakendur í þessari viðhorfskönnun. Það náðist samband við 640 þeirra og féllust 575 aðilar á að taka þátt í könnuninni sem þýðir 70% svarhlutfall.



Mynd 1. Svarhlutfall.

2.3 Úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta viðhorf svarenda til fyrrgreindra málefna. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þó aðallega eftir kynferði, aldri, búsetu og innleggsafurð.

Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga.


Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

3. Niðurstöður

Í þessum kafla er að finna helstu niðurstöður viðhorfskönnunarinnar. Kaflanum er skipt upp í sex undirkafla; (1) grunnupplýsingar, (2) viðhorf til fyrirtækisins, (3) þjónusta fyrirtækisins, (4) samskipti við starfsfólk, (5) upplýsingaflæði milli fyrirtækisins og bænda og (6) framtíðarhorfur þess.


3.1 Grunnupplýsingar

Grunnupplýsingar í þessari könnun eru kynferði, aldur, heimili og búskapur (innleggsafurð). Það voru 390 (68%) karlar sem svöruðu könnuninni og 185 (32%) konur.



Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda


Aldur var flokkaður niður í fjóra flokka; (1) 40 ára og yngri, (2) 41-50 ára, (3) 51-60 ára og (4) 61 árs og eldri. Flestir eru á aldrinum 51-60 ára og fæstir 40 ára og yngri.



Mynd 3. Flokkaður aldur svarenda.


Svarendum var skipt niður í fimm flokka eftir búsetu; (1) Eyjafjarðarsvæðið, (2) Þingeyjarsýslur og nágrenni, (3) Hérað og Austurland suður í Breiðdal, (4) svæðið í kringum Höfn og

suður og (5) annað en þar er aðallega um að ræða svarendur úr Skagafirði og Borgarfirði. Flestir svarendur eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu eða 31% og næstflestir á Austurlandi eða 24,5%.



Mynd 4. Búseta svarenda.


Ennfremur var svarendum skipt niður eftir búskaparháttum (innleggsafurð) þar sem sauðfjárþændur voru flokkaðir saman og nautgripabændur voru flokkaðir saman. Auk þess sem settir voru saman í flokk þeir sem leggja inn bæði sauðfé og nautgripi. Að lokum voru flokkaðir saman þeir sem leggja inn afurðir sem ekki falla undir framangreinda flokka eins og t.d. svín og hross. Í langflestum tilvikum eru svarendur að leggja inn eingöngu sauðfé eða rúm 51% svarenda.



Mynd 5. Búskapur svarenda (innleggsafurð).


3.2 Viðhorf til fyrirtækisins

Í hugum flestra er Norðlenska framleiðslufyrirtæki sem tekur við gripum til slátrunar. Jafnframt má sjá að í hugum margra er Norðlenska leiðandi framleiðslufyrirtæki á landsvísu á sviði kjötvöru.




Mynd 6. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir kyni.

Lítinn mun er að sjá á svörum eftir kynferði en hins vegar má sjá að búseta¹ hefur áhrif á merkingu Norðlenska í hugum svarenda. Meirihluti svarenda alls staðar af landinu nema á Austurlandi og Suðurlandi svara því til að í hugum þeirra merkir Norðlenska leiðandi framleiðslufyrirtæki á landsvísu á sviði kjötvöru. Í hugum meirihluta svarenda á Austurlandi og Suðurlandi merkir Norðlenska framleiðslufyrirtæki sem tekur við gripum til slátrunar. Jafnframt má sjá að í hugum svarenda í yngsta aldurshópnum merkir Norðlenska í mun meira mæli en svarenda í öðrum aldurshópum, framleiðslufyrirtæki sem tekur við gripum til slátrunar en að það sé leiðandi framleiðslufyrirtæki á landsvísu á sviði kjötvöru. Munurinn reyndist þó ekki marktækur.




Mynd 7. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir aldri.

¹ (Tau-c=,13;α=,000)



Mynd 8. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir búsetu.




Mynd 9. Merking Norðlenska í hugum svarenda, greint eftir innleggsafurð.


Viðhorf svarenda til Norðlenska er almennt séð mjög gott því nær 94% svarenda lýsir viðhorfi sínu til fyrirtækisins sem mjög eða frekar jákvæðu. Mun fleiri eru þó frekar jákvæðir en mjög jákvæðir eða tæp 59% á móti rúmum 35%. Konur² svara í meiri mæli en karlar að þær séu mjög jákvæðar eða tæp 44% kvenna á móti 31% karla. Jafnframt má sjá að svarendur í yngsta aldurshópnum³ (40 ára og yngri) eru ekki eins jákvæðir og svarendur í öðrum aldurshópum. Einnig má sjá að svarendur á Austurlandi lýsa í mun minna mæli en svarendur af öðrum svæðum viðhorfi sínu til fyrirtækisins sem mjög jákvæðu þó munurinn hafi ekki reynst marktækur.

² (Tau-c=,11;α=,007)


³ (Tau-c=,07;α=,021)




Mynd 10. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir kyni.



Mynd 11. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir aldri.



Mynd 12. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir búsetu.



Mynd 13. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir innleggsafurð.


3.3 Þjónusta fyrirtækisins

Þjónusta Norðlenska er margþætt. Spurt var út í almenna ánægju eða óánægju með þjónustu fyrirtækisins og hversu vel eða illa þjónustan standist þær væntingar sem viðkomandi gerir til fyrirtækisins. Jafnframt var spurt út í aðgengi að sláturhúsi, móttöku gripa, greiðslutilhögun og viðskipta-samninga.

Heilt yfir má segja að svarendur séu almennt ánægðir með þjónustu Norðlenska. Yfir 90% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu Norðlenska og hjá rúmlega 87% svarenda stenst þjónustan mjög eða frekar vel þær væntingar sem þeir gera til fyrirtækisins.


Algengast er að svarendur séu almennt frekar ánægðir með þjónustu Norðlenska eða tæp 63% svarenda og rúm 28% eru mjög ánægðir með þjónustu þeirra. Rúm 3% svarenda eru mjög eða frekar óánægðir með þjónustu fyrirtækisins.

Lítinn mun er að finna á svörum eftir kynferði en hins vegar finnast tengsl milli aldurs⁴ og ánægju með þjónustu Norðlenska þannig að yngri svarendur eru ekki alveg eins ánægðir með þjónustuna og þeir eldri. Jafnframt má sjá að svarendur í aldurshópnum 41-50 ára og 61 árs og eldri svara í mun meira mæli en svarendur í öðrum aldurshópum að þeir séu mjög ánægðir með þjónustu Norðlenska ehf.




Mynd 14. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir kyni.


⁴(Tau-c=,11;α=,001)



Mynd 15. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir aldri.



Mynd 16. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir búsetu.




Mynd 17. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.


Í langflestum tilvikum (59%) telja svarendur að þjónusta Norðlenska standist frekar vel þær væntingar sem þeir gera til þeirra. Fram kemur munur á svörum eftir aldri⁵ þannig að eldri svarendur telja í meira mæli en þeir yngri að þjónusta Norðlenska standist mjög eða frekar vel þær væntingar sem þeir gera til þeirra.

⁵(Tau-c=,11;α=,001)


Búseta⁶ hefur einnig áhrif á svör fólks varðandi væntingar um þjónustu frá Norðlenska þannig að svarendur á Eyjafjarðarsvæðinu svara í meira mæli en svarendur á öðrum svæðum að þjónusta Norðlenska standist hvorki vel né illa þær væntingar sem þeir gera til þeirra.



Mynd 18. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir kyni.




Mynd 19. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir aldri.



Mynd 20. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir búsetu.

⁶(Tau-c=,07;α=,027)




Mynd 21. Myndir þú segja að þjónusta þeirra standist vel eða illa þær væntingar sem þú gerir til þeirra, greint eftir innleggsafurð.


Svarendur gáfu aðgengi að sláturhúsi, móttöku gripa og greiðslutilhögun einkunn á bilinu 1-5 þar sem fimm er hæsta einkunnin sem hægt er að gefa og einn sú lægsta.

Algengast er að svarendur gefi aðgengi að sláturhúsi einkunnina fjóra af fimm mögulegum eða 288 svarendur og 128 svarendur gefa einkunnina þrjá. Svipaða sögu er að segja varðandi móttöku gripa, algengast er að svarendur gefi móttöku gripa einkunnina fjóra eða 260 svarendur. Þó eru fleiri sem gefa móttöku gripa einkunnina fimm en þrjá eða 140 svarendur á móti 126. Greinilegt er að svarendur eru almennt mjög ánægðir með greiðslutilhögun fyrirtækisins því langflestir gefa þeim þætti einkunnina fimm eða 288 svarendur og 199 svarendur gefa henni einkunnina fjóra.


Reiknað var út meðaltal einkunna svarenda og fær aðgengi að sláturhúsi meðaleinkunnina 3,86, móttaka gripa 3,93 og greiðslutilhögun fær meðaleinkunnina 4,33.



Mynd 22. Gefðu aðgengi að sláturhúsi einkunn á bilinu 1-5.




Mynd 23. Gefðu móttöku gripa einkunn á bilinu 1-5.




Mynd 24. Gefðu greiðslutilhögun einkunn á bilinu 1-5.


Nokkuð skiptar skoðanir eru um mikilvægi þess að gera viðskiptasamninga milli afurðastöðva og framleiðenda en þó eru það nokkuð fleiri sem eru á þeirri skoðun að þeir séu mjög eða frekar mikilvægir heldur en ekki sérlega eða alls ekki mikilvægir. Tæplega 59% svarenda telur mjög eða frekar mikilvægt að gerðir séu slíkir samningar en rúm 32% eru á þeirri skoðun að það sé ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt. Sjá má að nokkuð fleiri yngri svarendur en eldri eru beggja blands um mikilvægi slíkra viðskiptasamninga þó munurinn hafi ekki reynst marktækur.




Mynd 25. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir kyni.



Mynd 26. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir aldri.




Mynd 27. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir búsetu.



Mynd 28. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að gerðir séu viðskiptasamningar milli framleiðenda og afurðastöðva, greint eftir innleggsafurð.

Heilt yfir má sjá að það er almenn ánægja meðal svarenda með viðskiptasamning sinn við Norðlenska því 75% svarenda svara því til að þeir séu mjög eða frekar ánægðir með hann. Jafnframt svara 5% þeirra sem svara þessari spurningu því til að þeir séu mjög eða frekar óánægðir með viðskiptasamninginn eða 20 manns. Greina má mun á ánægju með viðskiptasamninginn eftir aldri⁷ þannig að hærri aldur þýðir í raun meiri ánægja með samninginn. Jafnframt má sjá að tengsl koma fram eftir búsetu⁸ þannig að svarendur á Eyjafjarðarsvæðinu og í Borgarfirði og Skagafirði eru almennt óánægðari með samningin en svarendur á öðrum svæðum. Eins má sjá að innleggjendur sauðfjár⁹ eru aðeins ánægðari með viðskiptasamninginn er innleggjendur annarra afurða.

Þeir aðilar sem svöruðu því til að þeir væri óánægðir með viðskiptasamninginn sem þeir gerðu við Norðlenska voru beðnir um að geta þess hvað betur mætti fara í þeim samningum. Mjög fáir svöruðu þessari spurningu en það helsta sem fram kom í svörum þeirra er hvað samningurinn er þvingandi, binditími samnings of langur og að samningurinn veiti þeim ekkert umfram aðra innleggjendur sem ekki hafa gert samning.




Mynd 29. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska, greint eftir kyni.


⁷(Tau-c=,13;α=,000)

⁸(Tau-c=,21;α=,000)


⁹(Tau-c=,09;α=,000)



Mynd 30. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska, greint eftir aldri.




Mynd 31. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska, greint eftir búsetu.



Mynd 32. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðskiptasamninginn sem þú gerðir við Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.

3.4 Samskipti við starfsfólk


Algengast er að svarendur hafi samskipti við starfsfólk Norðlenska í gegnum síma eða 562 svarendur. Auk þess sem þó nokkrir svarendur lögðu að jöfnu að hafa samband við starfsfólk Norðlenska símleiðis og í eigin persónu og jafnvel með tölvupósti. Hver svarandi hefur að meðaltali hringt átta sinnum í Norðlenska, sent einn tölvupóst og komið tvisvar á staðinn.




Mynd 33. Á hvaða hátt hefur þú oftast samband við starfsmenn Norðlenska sem þú þarft að ná í?

Greinilegt er að mun fleiri kjósa að nota símann til að hafa samband við starfsfólk Norðlenska en að senda tölvupóst. Þó kom fram að rétt innan við helmingur svarenda eru mjög virkir í að nota tölvupóstinn þó síst svarendur í elsta aldurshópnum.


Svarendur eru þó allflestir sammála um að það sé mjög eða frekar auðvelt að ná í starfsmenn Norðlenska. Rúm 62% svara því til að það sé frekar auðvelt að ná í starfsmenn Norðlenska og tæp 27% að það sé mjög auðvelt. Um 3% svarenda telur hins vegar að það sé mjög eða frekar erfitt að ná í starfsfólk Norðlenska. Sjá má að hlutfallslega færri konur en karlar segja að það sé mjög auðvelt að ná í starfsfólk Norðlenska. Einnig má sjá að svarendur búsettir í Þingeyjarsýslum og nágrenni sem og svarendur í Skagafirði og Borgarfirði telja í mun meira mæli en aðrir að það sé mjög auðvelt að ná í starfsmenn Norðlenska. Í hvorugu tilfellinu er munurinn þó marktækur.




Mynd 34. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir kyni.



Mynd 35. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir aldri.




Mynd 36. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir búsetu.




Mynd 37. Hvort telur þú að það sé auðvelt eða erfitt að ná í starfsmenn Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.

Jafnframt kemur í ljós að svarendur eru í raun frekar ánægðir með aðgengi að starfsfólki og stjórnendum Norðlenska en þó síður með aðgengi að stjórnendum. Algengast er að svarendur gefi aðgengi að starfsfólki einkunnina fjóra af fimm mögulegum eða 213 svarendur og 163 einkunnina þrjá. Hins vegar er algengast að svarendur gefi aðgengi að stjórnendum einkunnina þrjá eða 180 svarendur og 169 einkunnina fjóra. Meðaleinkunn aðgengis að starfsfólki er 3,79 og meðalteinkunn aðgengis að stjórnendum er 3,49.




Mynd 38. Gefðu aðgengi að starfsfólki einkunn á bilinu 1-5.




Mynd 39. Gefðu aðgengi að stjórnendum einkunn á bilinu 1-5.

Hvað samskipti við starfsfólk varðar þá má segja að almennt séð eru svarendur ánægðir með samskipti sín við starfsfólk Norðlenska. Rúmlega 91% svarenda metur heilt yfir að þeir séu almennt mjög eða frekar ánægðir með samskipti sín við starfsfólk Norðlenska. Nokkuð fleiri svara því þó til að þeir séu frekar ánægðir með samskiptin eða tæp 63% og tæp 29% að þeir séu mjög ánægðir með samskiptin við starfsfólk Norðlenska.

Fram koma tengsl milli aldurs¹⁰ og ánægju með samskipti við starfsfólk Norðlenska þannig að hærri aldur þýðir meiri ánægja með samskipti við starfsfólk Norðlenska. Eins má sjá að aldurshópanir 41-50 ára og 61 árs og eldri svara í mun meira mæli en fólk á öðrum aldri að þeir séu mjög ánægðir með samskipti sín við starfsfólk Norðlenska.




Mynd 40. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir kyni.




Mynd 41. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir aldri.

¹⁰(Tau-c=,10;a=,002)




Mynd 42. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir búsetu.




Mynd 43. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með samskipti þín við starfsmenn Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.

Svarendur gáfu jafnframt samskiptum sínum við starfsfólk og stjórnendur einkunn á bilinu einn til fimm. Skemmst er frá því að segja að algengast er að svarendur gefi samskiptum við starfsfólk einkunnina fjóra eða 245 svarendur og 176 einkunnina fimm. Hins vegar var einkunnin þrjú algengust þegar kom að einkunnagjöf fyrir samskipti við stjórnendur. Það eru 186 svarendur sem gefa samskiptum við stjórnendur einkunnina þrjú og 177 gefur þeim einkunnina fjóra. Meðaleinkunn fyrir samskipti við starfsfólk er 3,99 og meðaleinkunn fyrir samskipti við stjórnendur er 3,39.



Mynd 44. Gefðu samskiptum við starfsfólk einkunn á bilinu 1-5.




Mynd 45. Gefðu samskiptum við stjórnendur einkunn á bilinu 1-5.


3.5 Upplýsingaflæði milli bænda og Norðlenska

Ýmsar leiðir eru til að miðla upplýsingum milli bænda og starfsfólks Norðlenska. Ein þeirra er útgáfa fréttabréfs sem sent er inn á öll heimili viðskiptavina Norðlenska. Að mati svarenda er mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim. Rúmlega 94% svarenda telur mjög eða frekar mikilvægt að fá fréttabréfið sent heim og af þeim telja 48% svarendur það mjög mikilvægt.


Fram koma tengsl milli aldurs og mikilvægi þess að fá fréttabréfið sent heim þannig að svarendur í yngsta og elsta aldurshópnum svara í mun meira mæli en svarendur úr hinum aldurshópunum að það sé mjög mikilvægt að fá fréttabréfið sent heim.




Mynd 46. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir kyni.



Mynd 47. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir aldri.



Mynd 48. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir búsetu.



Mynd 49. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að fá reglulega fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf sent heim, greint eftir innleggsafurð.


Nær allir svarendur lesa fréttabréfið þegar það kemur og í flestum tilvikum lesa þeir það nokkuð vel eða 249 svarendur og 195 svarendur lesa það mjög vel.

Fram koma tengsl milli búsetu¹¹ og lesturs á fréttabréfinu þannig að svarendur á Austurlandi lesa það í mun minna mæli mjög vel en svarendur búsettir annars staðar og svarendur búsettir á Suðurlandi lesa það í meira mæli en aðrir mjög vel.


Einnig koma fram tengsl milli innleggsafurðar¹² og lesturs á fréttabréfinu þannig að innleggjendur sauðfjár lesa fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf mun betur en innleggjendur annarra afurða.

¹¹(Tau-c=,13;a=,000)


¹²(Tau-c=,13;a=,000)




Mynd 50. Lestu fréttabréfið?




Mynd 51. Lestu fréttabréfið, greint eftir kyni.



Mynd 52. Lestu fréttabréfið, greint eftir aldri.




Mynd 53. Lestu fréttabréfið, greint eftir búsetu.



Mynd 54. Lestu fréttabréfið, greint eftir innleggsafurð.

Svarendur eru ánægðir með fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf því tæp 96% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með fréttabréfið. Það eru þó mun fleiri sem eru frekar ánægðir en mjög ánægðir eða tæp 68% á móti tæpum 28%.


Fram komu tengsl milli búsetu¹³ og ánægju með fréttabréfið þannig að meiri fjarlægð frá höfuðstöðvunum þýðir meiri ánægja með fréttabréfið, þ.e. svarendur á Eyjafjarðarsvæðinu eru aðeins minna ánægðir með fréttabréfið en svarendur í Þingeyjarsýslum og þeir síðan aðeins minna ánægðir en svarendur á Austurlandi. Einnig komu fram tengsl milli innleggsafurðar¹⁴ og ánægju með fréttabréfið þannig að innleggjendur sauðfjár svara í meira mæli en innleggjendur annarra afurða að þeir séu mjög ánægðir með fréttabréf Norðlenska og Búsældar ehf.




Mynd 55. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir kyni.

¹³(Tau-c=,12;α=,000)


¹⁴(Tau-c=,13;α=,000)



Mynd 56. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir aldri.



Mynd 57. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir búsetu.




Mynd 58. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.


Fram komu nokkrar athugasemdir við fréttabréfið og snérust þær aðallega um að fréttabréfið kæmi ekki nógu oft og að það snúist of mikið um sauðfjárþændur, sérstaklega á ákveðnum árstíma.

Önnur leið til að miðla upplýsingum til bænda er heimasíða fyrirtækisins en til þess að nýta sér þann kost þurfa bændur almennt að hafa aðgengi að internetinu. Í ljós kom í könnuninni að í 70% tilvika hafa svarendur þennan aðgang.


Aldur¹⁵ hefur áhrif á það hvort svarendur hafa aðgang að internetinu þannig að hærri aldur þýðir í raun hlutfallslega færri sem hafa hann. Einnig koma fram tengsl milli búsetu¹⁶ og aðgengis að internetinu þannig að svarendur búsettir á Austurlandi hafa í minna mæli aðgengi að internetinu en svarendur búsettir á öðrum svæðum, sérstaklega hvað varðar svarendur á Eyjafjarðarsvæðinu og Þingeyjarsýslum og nágrenni.



Mynd 59. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir kyni.




Mynd 60. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir aldri.



Mynd 61. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir búsetu.

¹⁵(Tau-c=,36;α=,000)


¹⁶(Tau-c=,09;α=,006)



Mynd 62. Hefur þú aðgengi að internetinu, greint eftir innleggsafurð.

Rúmlega 62% svarenda skoðar aldrei heimasíðu Norðlenska og tæp 36% skoða hana mánaðarlega eða sjaldnar. Svarendur hafa að meðaltali farið þrisvar sinnum inn á heimasíðu Norðlenska á tímabilinu sem spurt var um.

Kynferði¹⁷ hefur áhrif á það hvort viðkomandi skoði heimasíðu Norðlenska ehf reglulega eða ekki þannig að hlutfallslega fleiri karlar en konur skoða heimasíðuna aldrei. Einnig má sjá að konur skoða hana mun oftar en karlar. Einnig koma fram tengsl milli aldurs¹⁸ og skoðunar á heimasíðu Norðlenska þannig að hækkandi aldur þýðir hærra hlutfall sem skoðar heimasíðuna aldrei. Ennfremur koma fram tengsl milli búsetu¹⁹ og skoðunar á heimasíðunni þannig að hlutfallslega færri svarendur á Suðurlandi og Austurlandi skoðar heimasíðuna aldrei.




Mynd 63. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir kyni.


¹⁷(Tau-c=,09;α=,038)

¹⁸(Tau-c=,22;α=,000)


¹⁹(Tau-c=,08;α=,000)



Mynd 64. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir aldri.




Mynd 65. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir búsetu.




Mynd 66. Skoðar þú reglulega heimasíðu Norðlenska ehf, greint eftir innleggsafurð.

Yfir 56% svarenda skoða afurðaverðið alltaf þegar þeir fara inn á heimasíðuna og tæp 50% fara alltaf inn á bændavefinn þegar þeir fara inn á heimasíðuna. Algengast er þó að svarendur skoði fréttirnar á heimasíðu Norðlenska sem og afurðaverð. Tæp 90% svarenda skoða alltaf eða oftast fréttir inni á heimasíðunni og 84% skoða alltaf eða oftast afurðaverðið. Þeir þættir sem síst eru skoðaðir inni á heimasíðunni eru vefverslunin og upplýsingar um fyrirtækið en 64% svarenda fara aldrei inn í vefverslunina og 46% svarenda skoða aldrei upplýsingar um fyrirtækið.



Mynd 67. Hvaða er helst skoðað á heimasíðu Norðlenska ehf?

Starfsfólk Norðlenska eru í lykilhlutverki við að miðla upplýsingum milli bænda og fyrirtækisins. Svarendur gáfu upplýsingum frá starfsfólki einkunn og segja má að heilt yfir séu svarendur nokkuð ánægðir með upplýsingar frá starfsfólki. Algengast er að svarendur gefi þeim þætti einkunnina fjóra eða 222 svarendur og 180 einkunnina þrjá. Meðaleinkunn sem upplýsingar frá starfsfólki fær er 3,85.




Mynd 68. Gefðu upplýsingum frá starfsfólki einkunn á bilinu 1-5.


3.6 Framtíðarhorfur fyrirtækisins

Í hugum svarenda eru framtíðarhorfur Norðlenska almennt séð mjög góðar. Í langflestum tilvikum telja svarendur það mjög eða frekar mikilvægt að bændur eigi sem stærstan hlut í Norðlenska eða 86% svarendur. Þó telur nær 10% svarenda að það sé ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt. Það eru aðallega karlar²⁰ sem eru þeirrar skoðunar. Einnig má sjá að yngri²¹ svarendur eru síður á því að það sé mjög eða frekar mikilvægt að bændur eigi sem stærstan hlut í Norðlenska.

Fram koma tengsl milli innleggsafurðar²² og mikilvægi þess að bændur eigi sem stærstan hlut í Norðlenska þannig að innleggjendur nautgripa eru síður á þeirri skoðun en innleggjendur sauðfjár.



Mynd 69. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska, greint eftir kyni.




Mynd 70. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska, greint eftir aldri.


²⁰(Tau-c=,15;α=,000)

²¹(Tau-c=,12;α=,000)

²²(Tau-c=,07;α=,000)



Mynd 71. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska, greint eftir búsetu.



Mynd 72. Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt fyrir bændur að eiga sem stærstan hlut í Norðlenska, greint eftir innleggsafurð.

Í langflestum tilvikum eru svarendur á því að verðmæti hlutafjár í Norðlenska hafi hækkað í verði eða tæp 81% svarenda. Tæplega 54% svarenda metur verðmæti hlutafjár þannig að þau hafi hækkað lítillega í verði og 27% að það hafi hækkað mikið í verði.


Tengsl koma fram milli kynferðis²³ og verðmæti hlutafjár þannig að konur telja í meira mæli en karlar að verðmæti hlutafjár hafi hækkað í verði og líka mun meira. Einnig koma fram tengsl milli aldurs²⁴ og verðmæti hlutafjár þannig að svarendur í yngsta aldurshópnum (40 ára og yngri) telja í mun meira mæli en svarendur í öðrum aldurshópnum að verðmæti hlutafjár hafi aukist lítið og í raun frekar lækkað í verði. Búseta²⁵ hefur einnig áhrif á mat svarenda á virði hlutafjár þannig að það eru aðallega svarendur á Eyjafjarðarsvæðinu sem og svarendur í Skagafirði og

²³(Tau-c=,14;α=,002)


²⁴(Tau-c=,17;α=,000)

²⁵(Tau-c=,13;α=,000)


Borgarfirði sem eru á þeirri skoðun að verðmæti hlutafjár í Norðlenska hafi staðið í stað. Svarendur á Austurlandi meta í mun meira mæli en svarendur á öðrum svæðum að verðmæti hlutafjár hafi lækkað í verði.




Mynd 73. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir kyni.



Mynd 74. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir aldri.




Mynd 75. Hvernig metur þú verðmæti hlutafjár í Norðlenska, telur þú að hlutaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir búsetu.




Mynd 76. Hvernig metur þú verðmæti hlutfjár í Norðlenska, telur þú að hlutfaféð hafi hækkað eða lækkað, greint eftir innleggsafurð.

Nær allir svarendur eru á því að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni eða tæp 98% þeirra sem svara spurningunni. Sauðfjárþætur²⁶ skera sig úr hvað þetta varðar en þeir eru allir á þeirri skoðun að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni.




Mynd 77. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir kyni.




Mynd 78. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir aldri.

²⁶(Tau-c=,05;α=,001)



Mynd 79. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir búsetu.



Mynd 80. Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir innleggsafurð.


4. Lokaorð

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var meðal bænda á starfssvæði Norðlenska. Könnuninni var ætlað að veita stjórnendum innsýn í viðhorf bænda til fyrirtækisins og þeirrar þjónustu sem það veitir.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að viðhorf svarenda til Norðlenska er almennt séð mjög jákvætt sem og sú þjónusta sem fyrirtækið veitir. Langflestir svarendur könnunarinnar hafa fulla trú á fyrirtækinu og framtíðarmöguleikum þess.

Viðauki

Nánari greining á spurningu 5.



Mynd 81. Meðaleinkunn nokkurra þjónustubátta Norðlenska ehf.

Tafla 1. Meðaleinkunn þjónustubátta eftir kyni.

Þáttur:	Allir	Karlar	Konur
Aðgengi að sláturhúsi	3,86	3,84	3,92
Móttaka gripa	3,93	3,87	4,04
Aðgengi að starfsfólki	3,79	3,81	3,76
Samskipti við starfsfólk	3,99	3,98	4,03
Upplýsingar frá starfsfólki	3,85	3,89	3,75
Greiðslutilhögun	4,33	4,34	4,31
Aðgengi að stjórnendum	3,49	3,31	3,88
Samskipti við stjórnendur	3,39	3,27	3,65

Tafla 2. Meðaleinkunn þjónustubáttá eftir aldri.

Þáttur:	< 40	41-50	51-60	61 >
Aðgengi að sláturhúsi	3,53	3,88	3,88	3,99
Móttaka gripa	3,76	3,92	3,92	4,03
Aðgengi að starfsfólki	3,39	3,92	3,68	3,98
Samskipti við starfsfólk	3,46	4,16	3,98	4,12
Upplýsingar frá starfsfólki	3,59	3,98	3,70	4,01
Greiðslutilhögun	3,95	4,37	4,38	4,43
Aðgengi að stjórnendum	3,06	3,62	3,51	3,55
Samskipti við stjórnendur	2,99	3,56	3,33	3,50

Tafla 3. Meðaleinkunn þjónustubáttá eftir búsetu.

Þáttur:	Eyja- fjörður	Þing. og nág.	Austur- land	Suður- land	Annað
Aðgengi að sláturhúsi	3,66	4,00	3,65	4,21	4,33
Móttaka gripa	3,78	4,05	3,69	4,21	4,41
Aðgengi að starfsfólki	3,66	4,05	3,64	3,77	4,32
Samskipti við starfsfólk	3,92	4,18	3,76	4,10	4,43
Upplýsingar frá starfsfólki	3,77	4,12	3,64	3,83	4,29
Greiðslutilhögun	4,29	4,53	4,18	4,33	4,61
Aðgengi að stjórnendum	3,48	3,57	3,25	3,58	3,96
Samskipti við stjórnendur	3,42	3,49	3,19	3,35	4,04

Tafla 4. Meðaleinkunn þjónustubáttá eftir innleggsafurð.

Þáttur:	Sauðfé	Nautgr.	Sauðfé og nautgr.	Annað
Aðgengi að sláturhúsi	3,95	3,68	3,79	3,92
Móttaka gripa	4,01	3,66	3,91	4,00
Aðgengi að starfsfólki	3,85	3,56	3,75	3,94
Samskipti við starfsfólk	4,07	3,62	4,03	4,06
Upplýsingar frá starfsfólki	3,84	3,75	3,86	4,02
Greiðslutilhögun	4,39	4,05	4,34	4,47
Aðgengi að stjórnendum	3,52	3,32	3,49	3,63
Samskipti við stjórnendur	3,38	3,26	3,41	3,63